

Greinargerð

Um framkomnar athugasemdir um kynningu á tillögu að friðlýsingu Goðafoss

Tillaga að friðlýsingu Goðafoss sem náttúruvættis í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd voru auglýst þann 6. desember 2019. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar var til 9. mars 2020. Tillagan var send öllum landeigendum þar sem m.a. réttur til bóta var kynntur. Auk þess var tillagan birt á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar og send öllum samráðs- og hagsmunaaðilum þar sem fram kom hvar tillöguna væri að finna og hvernig hægt væri að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana sem ekki áttu sæti í samstarfshópnum.

Alls bárust erindi frá sjö aðilum á kynningartíma sem samstarfshópur hefur tekið afstöðu til í samræmi við greinargerð hér á eftir.

Mörk svæðisins

Í umsögn Landverndar, dags. 19. mars 2020, bendir stjórn Landverdar á að nota hefði átt tækifærið og friðlýsa Skjálfandaflijótið allt og bakka þess í samræmi við niðurstöðu 3. áfanga rammaáætlunar. Þá kemur fram í umsögn Ólafs Tómassonar, dags. 8. mars 2020, að hann hefði kosið að svæðið yrði verulega stærra.

Viðbrögð

Hvað varðar mörk svæðisins bendir Umhverfisstofnun á að upphaf undirbúnings að friðlýsingu svæðisins má rekja til átaks í friðlýsingum sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Markmiðið með vinnunni var að friðlýsa vinsælan ferðamannastað til að standa vörð um hann til framtíðar. Þau mörk sem lögð eru til ná yfir það svæði sem er undir mestu álagi af völdum ferðamanna á svæðinu og uppfylla því það markmið sem lagt var af stað með í upphafi. Samkomulag hefur náðst við landeigendur varðandi mörk svæðisins og mun Umhverfisstofnun því senda þá tillögu til ráðherra til ákvörðunar í samræmi við málsmeðferð sem kveðið er á um í 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hvað varðar friðlýsingu Skjálfandaflijóts á grundvelli 3. áfanga rammaáætlunar þá bendir stofnunin á að þingsályktun varðandi 3. áfanga rammaáætlunar hefur ekki verið samþykkt á Alþingi. Þegar fyrir liggur samþykkt þingsályktun á grundvelli niðurstöðu 3. áfanga mun Umhverfisstofnun hefja vinnu í samræmi við það.

Umferð

Í umsögn sinni, dags. 5. mars 2020, benti Hafrannsóknarstofnun á að gera þurfi ráð fyrir umferð veiðimanna með bökkum Skjálfandaflijóts. Í umsögn Landssambands hestamannafélaga, dags. 12. janúar 2020, kemur fram að lögð sé áhersla á að ekki verði settar skorður á ríðandi umferð á skilgreindum reiðstígum. Meðfylgjandi umsögninni var kort sem sýndi reiðvegi um svæðið. Í umsögn Hestamannafélagsins Þjálfar leggur félagið áherslu á að ekki sé komið í veg fyrir umferð hesta frá gerði við Fosshól, yfir göngubrú og eftir stígum framhjá Goðafossi og yfir vað á Hróteyjarkvísl. Félagið bendir á að reiðleiðir hafi ekki verið skilgreindar. Þá bendir félagið á að vegna framkvæmda við Goðafoss sé ekki fært fyrir ríðandi og að umferð ríðandi og gangandi fari ekki saman á svæðinu vegna öryggissjónarmiða og leggur því til að sett verði upp gerði vestan við göngubrú þannig að unnt sé að stöðva rekstra þegar gangandi fólk er á brúnni og að gerð verði reiðleið um móann vestan við fossinn frá hliði á sauðfjárveikivarnargirðingu og að vaði á Hróteyjarkvísl.

Viðbrögð

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar Hafrannsóknarstofnunar og hefur tillögu að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið verið breytt á þann hátt að bætt hefur verið við ákvæði í 6. gr. þess efnis að þeim sem stunda stangveiði á svæðinu sbr. 13. gr. er heimilt að ganga utan gönguleiða við veiðar.

Hvað varðar ábendingu varðandi umferð ríðandi um svæðið bendir Umhverfisstofnun á að reiðleiðir verða skipulagðar á svæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun. Ekki er vilji til að loka þeim reiðleiðum sem merktar eru inn á kort frá Landssambandi hestamannafélaga. Hvað varðar umsögn Hestamannafélagsins Þjálfar tekur Umhverfisstofnun undir þau sjónarmið ráðast í gerð reiðleiðar og gerðis til samræmis við ábendingar félagsins eftir því sem fjármagn fæst til.

Aðrar ábendingar og athugasemdir

Vegagerðin, dags. 4. febrúar 2020, gerir ekki athugasemdir við tillögu að friðlýsingu þar sem tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem gerðar voru vegna þjónustu og viðhalds á vegum.

Í athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 11. mars 2020, leggur stofnunin til að bætt verði við upplýsingum um meðal vatnsrennsli í fossingum og/eða tiltaka hámark og lágmark vatnsrennslis. Þá gerði Náttúrufræðistofnun athugasemdir við orðalag í 2. og 13. gr.

Viðbrögð

Hvað varðar athugasemdir Náttúrufræðistofnunar varðandi vatnsrennsli í fossinn og viðmiðunarmörk bendir Umhverfisstofnun á að í 54. gr. laga um náttúruvernd kemur fram að ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis og að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Umhverfisstofnun telur að með vísan í framangreint lagaákvæði verði vatnsrennsli í fossinn ekki skert þannig að verndargildi svæðisins skerðist. Til að tryggja enn frekar að verndargildi fossins haldist hefur verið bætt í tillögu að friðlýsingu ákvæði í 5. og 10. gr. þess efnis að í stjórnunar- og verndaráætlun skuli fjalla um vatnsrennsli til fossins.

Hvað varðar athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við orðalag hefur tillögunni verið breytt til samræmis.

Mývatnssveit, 31. mars 2020

/UST202002-345

Hildur Vésteinsdóttir